

Alþingi  
Erindi nr. P 135/727  
komudagur 4.12.2007



2007110054  
9140

Alþingi  
Margrét María Grétarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2007  
/--

**Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun, 33. mál, aldursákvæði og húsafriðun.**

Skipulagsstofnun gerir tillögu um að 3. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg, að á eftir orðunum "mannvirki eða húsaþyrpingar" bætist orðin "75 ára eða eldri". Stofnunin gerir jafnframt tillögu um að í stað "skipulagsfulltrúum" komi orðið "sveitarstjórn", og að orðunum "breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðir" verði breytt í "deiliskipulag eða breyting á deiliskipulagi er samþykkt".


Ákvæðið myndi þá hljóða svo:

*Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsaþyrpingar 75 ára eða eldri og er sveitarstjórn þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en deiliskipulag eða breyting á deiliskipulagi er samþykkt. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til.*

**Skýring:**

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt 9. mgr. 6. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, geta byggingar notið hverfisverndar af fleiri ástæðum en aldurs þeirra. Þannig segir í ákvæðinu að ef innan marka skipulagssvæðis séu einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna *sögulegs*, *náttúrulegs* eða *menningarlegs* gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skuli setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd. Með því að takmarka þá skyldu sveitarstjórnar að leita umsagnar húsafriðunarnefndar við einstakar byggingar og húsaþyrpingar sem náð hafa 75 ára aldri, telur Skipulagsstofnun að komist verði hjá því að leita umsagnar nefndarinnar af öðrum ástæðum, svo sem ef bygging nýtur hverfisverndar vegna menningarlegs gildis eingöngu. Telur stofnunin það og vera í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins, svo sem að eiganda byggingar, 75 ára eða eldri, sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggtast breyta húsi sínu, flytja eða rífa.

Skipulagsstofnun telur jafnframt að réttara sé að kveða á um að sveitarstjórn skuli leita áhlits húsafriðunarnefndar í stað skipulagsfulltrúa. Er það í samræmi við, að það er sveitarstjórn sem ber ábyrgð á skipulagsgerð, og hún samþykkir breytingar á skipulagi. Sveitarstjórn getur þá falið skipulagssfulltrúa að leita þessa áhlits telji hún það hentugt. Jafnframt telur Skipulagsstofnun rétt að tala um deiliskipulag eða breytingar á deiliskipulagi í stað skipulagsskilmála, enda felur breyting á skipulagsskilmálum í sér breytingu á deiliskipulagi.

  
Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson